

sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur 73  
 ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill 19. júní  
 sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

#### 7. gr.

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum.

Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsg. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890, um vexti. Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Dorsteinn Briem.*

## L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

74

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Björn Franzson, stúdent í Reykjavík, fæddur í Noregi.

- 74  
19. júní
3. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.
  4. Hermannsen, Stórker Cedrup, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
  5. Honningsvaag, Petter Matthias, sjómaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
  6. Jakobsen, Knud Olai, skósmiður á Þingeyri, fæddur í Noregi.
  7. Jensen, Frede, vefari á Akureyri, fæddur í Danmörku.
  8. Kobbelt, Eduard August, vélasmiður á Siglufirði, fæddur í Þýzkalandi.
  9. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
  10. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
  11. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
  12. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
  13. Pedersen, Hagerup M. S., húsasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
  14. Rönning, Johan, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Noregi.
  15. Vidnes, Peder R. S. Olsen, verkamaður á Eyrarbakka, fæddur í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_ *Magnús Guðmundsson.*

75  
19. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

- a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
  - b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á hevvinnuvélum og tóvinnuvélum.
- Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.